

Höfðasel á Akranesi

- Deiliskráning fornleifa

Adolf Friðriksson



FS928-23241

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Reykjavík 2023

©Fornleifastofnun Íslands 2023

Bræðraborgarstíg 9

107 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Samantekt	4
Inngangur	5
Fyrri athuganir.....	5
Fornleifar á skipulagsreit.....	6
Niðurstöður.....	8
Viðauki 1. Skrá yfir fornleifar innan deiliskráningarreits	9
Fornleifar innan deiliskipulagsreits.....	9
Óstaðsetjanlegar minjar á eða nærri deiliskipulagsreit	9
Heimildir	10

Samantekt

- Deiliskráning fornleifa við Höfðasel á Akranesi var gerð í apríl 2023
- Við undirbúning skráningarinnar voru helstu heimildir um svæðið athugaðar, þ.m.t. uppdrættir, loftmyndir, jarðabækur og fyrri skráning fornleifa í sveitarfélaginu.
- Reiturinn liggur nyrst í Garðaflóa og innan fyrrum jarðarmarka Garða.
- Skipulagsreiturinn nær yfir óbyggt land, sem var nýtt til mótekju og síðar grjótnáms.
- Skráning á vettvangi og greining gagna leiddi í ljós einn minjastað innan skipulagsreits, mógrafir.
- Ummerki um mógrafirnar eru að mestu horfin vegna síðari framkvæmda, þ.e. vegna skurðgraftar, vegagerðar og grjótnáms.
- Minjar Höfðasels hefur ekki verið unnt að finna eða staðsetja.
- Minjar njóta friðunar samkvæmt 3. gr. laga nr. 80/2012, og Minjastofnun Íslands úrskurðar um gildi þeirra og möguleg áhrif á skipulagsgerð. Deiliskráningin er unnin samkvæmt 16. gr. sömu laga, sem og 4. gr. reglna nr. 620/2019 um skráningu minja vegna deiliskipulagsvinnu.

Inngangur

Þann 28. mars 2023 óskaði Akraneskaupstaður eftir úttekt á fornleifum vegna vinnu við deiliskipulag við Höfðasel. Að mati Minjastofnunar er fyrirliggjandi aðalskráning fornleifa ófullnægjandi vegna deiliskipulagsins og uppfæra þarf skrána til samræmis við lög um menningarminjar (nr. 80/2012) og nýja staðla stjórnvalda. Fornleifastofnun Íslands ses tók að sér verkið og var það unnið í tveimur áföngum í mars og apríl 2023.

Í þessari skýrslu er birtur árangur heimildarannsóknna og vettvangsathugana.

Fyrri athuganir

Skipulagssvæðið er utan við þéttbýli, og liggur nyrst í landi kaupstaðarins, austan með Akrafjallsvegi, rétt sunnan Berjadalsár. Áin var áður merki milli Garða og Óss, en jafnframt mörk fyrrum Akraneshrepps og Skilmannahrepps. Landamerki milli Innstavogs og Garða eru u.þ.b. þar sem Akrafjallsvegur liggur og er deiliskipulagsreiturinn allur Garða megin. Árið 2022 hafði deiliskipulagsreitur Flóahverfis verið skráður, en hann liggur sunnan Höfðasels¹.

Fornleifastofnun Íslands skráði fornleifar í landi Akraneskaupstaðar í júní 1997² í anda löggjafar sem þá gildi um lögbundna skráningu fornleifa vegna aðalskipulagsvinnu og var það fyrsta skráning minja við jaðar bæjarins og jafnframt ein sú fyrsta sem gerð var í þéttbýli. Hafa aðferðir við skráningu, einkum í þéttbýli, sem og löggjöfin breyst talsvert s.l. aldarfjórðung. Áður lögðu stjórnvöld m.a. áherslu á að skrá ætti minjar sem sæjust á yfirborði, en ekki staði sem heimildir væru til um, en væru horfnir og jafnvel eyðilagðir. Síðustu árin hafa þessi viðmið breyst og eru nú skráðar allar þekktar minjar, enda hefur sú skráningar aðferð þann kost að safnað er upplýsingum um minjastaði sem kunna að hafa horfið sjónum, en enn gætu verið varðveittar leifar af undir sverði. Er það í betra samræmi við tilgang laga um fornleifavernd að halda slíkum upplýsingum til haga, en jafnframt kostur fyrir framkvæmdaaðila að lenda síður í töfum vegna óvæntra fornleifafunda við upphaf framkvæmda. Við deiliskráningu minja vorið 2023 var tekið mið af þessum nýju forsendum minjavörslunnar.

¹ Adolf Friðriksson: *Flóahverfi á Akranesi. Deiliskráning fornleifa*. FS881-22061 Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2022.

² Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). *Akranes. Fornleifaskrá*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, bls. 44-46.



Mynd 001. Myndin sýnir mörk deiliskipulagsreits. Loftmynd: Loftmyndir 2021 ©.

Fornleifar á skipulagsreit

Við undirbúning að skráningu á reitnum voru ritaðar heimildir athugaðar, ásamt uppdráttum og loftljósmyndum. Á vettvangi var skipulagssvæðið gengið, þekktar minjar staðsettar með hnitum, gerð leit að áður óþekktum minjum og lagt mat á áhrif deiliskipulags á menningarlandslagið sem reiturinn er hluti af. Skal nú greint frá afrakstri þessara athugana.

Skipulagsreiturinn er um 21 ha að stærð og allur í Garðalandi. Upphaf byggðar að Görðum er óþekkt en ljóst að hún nær aftur á miðaldir og jafnvel til landnámsaldar. Um Garðaflóa eru mjög fáar heimildir. Garðalandið var keypt af Akraneskaupstað 1928 og þá hugsað sem beitiland fyrir sauðfé Akurnesinga. Þegar fluttar voru skurðgröfur til landsins undir miðja 20. öld var hluti Garðaflóa ræstur fram. Garðar voru kirkjustaður og höfuðból um aldir. Deiliskipulagsreiturinn er nyrst og vestast í flóanum, en ljóst að mesta búsumstangið, væntanlega allt frá landnámi og fram á 20. öld var ekki þar, heldur við bæjarstæði Garða, sem er rúmum kílómetra sunnar.


Varðandi afbýli Garða, þá hafa þau flest verið við sjávarsíðuna, sunnan við höfuðbólið, eða vestan. Þar hefur jörðunum Elínarhöfða, Miðvogi og Innstavogi væntanlega verið skipt út úr Garðalandi. Ábúendur ræktuðu tún á þurrlandinu við holtin næst ströndinni, ásamt því að stunda sjósókn. Búskap á öllum þessum jörðum var hætt á síðustu öld, en við blasa garðlög og bæjatóftir. Elínarhöfði hafði selstöðu og ítak í Garðalandi en að öðru leyti þá eru þessar jarðir þrjár vestan við deiliskipulagsreit og utan hans. Nyrst og austast í flóanum eru vel varðveittar tóftir Garðasels, en selið er einnig talsvert fjarri deiliskipulagssvæðinu.

Reiturinn er nefndur eftir Höfðaseli (Bo-074:008), sem mun hafa verið sel frá Elínarhöfða³. Nyrst á reitnum eru holt sem heita og Höfðaselsholt. Holtin ná frá deiliskipulagsreitnum til norðurs að Berjadalsá. Nákvæm staðsetning Höfðasels er óþekkt. Við vettvangsrannsókn 2023 fundust engin ummerki um selið í eða við deiliskipulagsreit. Þar eð sterkar líkur eru á að minjar selsins hafi verið innan reitsins var gerð þrautarleit með flygildi og svæðið myndað og mælt með LiDAR tækni. Afraksturinn er birtur á mynd 2. Sú fjarkönnun gaf engar vísbendingar um mögulegar leifar sels eða aðrar minjar. Innri hluti holtsins hefur verið tekinn í grjótnám, norðanmegin við þau eru gamlir öskuhaugar frá kaupstaðnum og talsvert mikið rask hefur verið allt í kring. Hafi sel staðið við holtin er líklegt, í ljósi þessa rasks, að minjar um það séu horfnar.

Víða í Garðaflóa má enn sjá merki um umfangsmikla mótekju. Miklir flóar eru nær allt í kringum Akrafjall en þær fornleifar sem fundist hafa á nesinu eru undantekningarlaust þar sem byggilegast var, þ.e. upp við fjallsrætur, niður við sjó, eða við klapparholt og önnur berghöft sem rísa upp úr mýrunum þar á milli. Er því ólíklegt að finnist fornleifar þar sem áður var mýrlendi. Garðaflói er víðfemur, blautur og illur yfirferðar. Hann var m.ö.o. farartálmi, en helstu göngu- og reiðleiðir, þ.e. gömlu þjóðleiðirnar, voru ýmist um fjöruna vestast, eða austan við flóann, frá býlinu Jaðri til norðausturs, um hlaðið í Görðum og upp með holtunum að fjallsrótum. Það er ekki fyrr en um aldamótin 1900 að lagður er beinn og greiður malarvegur í holtarönnunum sem liggja milli strandlengjunnar og flóans og niður á Akranes. Á uppdrætti Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar frá 1901 er hann merktur sem „nýi vegurinn“.

Ef frá er talið Höfðasel, þá er kunnugt um einn minjastað innan skipulagsreitsins sem fellur undir lögbundna skilgreiningu á fornleifum sem njóta friðhelgi. Þar eru mógrafir (**B0-056:058**) og sjást þær vel á loftmyndum frá 1956 og síðar. Á svæðinu innan reitsins hafa þær að mestu horfið vegna skurðgraftar, vegagerðar og grjótnáms á ofanverðri síðustu öld.

³ Sbr. Gunnlaugur Haraldsson (2011) *Saga Akraness*, I. bindi, s. 523 og þau rit sem þar er vitnað til.



Mynd 002. Fyrir miðjum skipulagsreit eru mógrafir. (Drónamynd: FSÍ; kortagrunnur ©Loftmyndir ehf).

Niðurstöður

Eftir athugun á vettvangi og könnun á fyrirliggjandi heimildum um landið þar sem deiliskipulagsreiturinn liggur, er ljóst að áhrif framkvæmda innan hans á fornleifar yrðu mjög litlar, eða jafnvel engar. Markar hann svæði þar sem síst er að vænta fornleifa. Mógrafir sem þarna voru eru að mestu horfnar. Líkur á að skipulagsvinna eða framkvæmdir tefjist vegna óvæntra fornleifafunda á síðari stigum eru litlar, þótt ekki sé unnt að útloka að áður óþekktar mannvistarleifar leynist undir sverði.

Ekki hafa fundist ummerki um Höfðasel. Það mun hafa verið nærri Höfðaselsholti, en holtið er að mestu innan deiliskipulagsreits. Athyglisvert er að selið er ekki merkt á uppdrætti frá 1802, 1897 eða 1908, og ekki vottar fyrir mannvirkjum við holtin á loftmyndum frá 1956. Um og eftir miðja 20. öld var gert mikið rask við holtin. Auk mógrafar, hurfu holtin að hluta í grjótnámi og svæðið þjónaði um tíma sem sorphaugar. Hafi selið ekki þegar verið horfið á öndverðri 20. öld, er mögulegt að síðara rask hafi grandað þessum minjum.

Viðauki 1. Skrá yfir fornleifar innan deiliskráningarreits

Fornleifar innan deiliskipulagsreits

BO-056-058

mógrafir

X 354251, Y 430029

Mógrafarsvæði er milli Akrafjallsveggar og Höfðaselsholta. Grafirnar eru greinilegar á loftmyndum frá 1942-1963, en eru að mestu horfnar vegna rasks á ofanverðri 20. öld.

Óstaðsetjanlegar minjar á eða nærri deiliskipulagsreit

BO-074:008 Höfðasel

Æðaroddaholtin eru í tveim samliggjandi röðum. Eftir þeim efri liggur þjóðvegurinn. Austur af Æðarholtunum, rétt ofan við veginn, eru nokkuð stór holt sem heita Höfðaselsholt. Þau ná inn að Berjadalsá. Við þau var sel frá Elínarhöfða.“ segir í örnefnalýsingu. Höfðaselsholt eru í landi Garða. Þau ná frá því á móts við malarvinnslustöð Þorgeirs og Helga og inn að Berjadalsá. Innri hluti holtanna hefur verið tekinn í grjótnám og gamlir öskuhaugar, nú yfirgefnir, eru norðanmeð holtunum, austantil. Mikið rask er í kringum holtin, einkum norðanmegin. Hvergi sér til tófta kringum holtin og hafi selið staðið nálægt Berjadalsá, sem sennilegt er því lítið virðist um önnur vatnsból á þessu svæði, þá eru leifar þeirra sennilega horfnar vegna grjótnáms eða annars rasks. Blautir flóar hafa verið kringum holtin, einkanlega sunnan við þau en meira mólendi að norðan, milli þeirra og Æðaroddaholtanna.

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Héraðsskjalasafn Akraness

Uppdráttur Ólafs Jónssonar af Garðaflóa, 22. júlí 1897.

Landmælingar Íslands, Akranesi

Loftmyndasafn: Li2-4068 (1956), Li2-2983 (1956), A-5665 (1963).

Skipulagsstjóri, Reykjavík

Akranes. Uppdráttur Knud Zimsen og Ólafs Jónssonar 1901, skjalasafn Skipulagsstofnunar.

Sýslumannsembættið í Borgarnesi

Landamerkjabók Borgar- og Mýrasýslu, II.

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík

0038-1928-011-B-B14-0022-27. Örk: 27 Kassi: 0022. 1802-1802. Bréf Ohlsens lautinants justitsráðs Jensens um kort yfir Akranes.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, Reykjavík

Örnefnaskrá Garða

Örnefnaskrá Elínarhöfða

Prentaðar heimildir

Byggðir Borgarfjarðar I-II., án útgst., Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1989.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Gunnlaugur Haraldsson (2011) *Saga Akraness*, I-II. Akranes, Uppheimar.

Jarðabók: Árni Magnússon & Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, Kh.,

Hið íslenzka fræðafélag, 1913.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.